

Kæru foreldrar / forráðamenn barna í Giljaskóla

Í gærkvöld birti heilbrigðisráðuneytið [reglugerð](#) um takmarkanir á skólastarfi. Í kjölfarið höfum við endurskoðað skipulag skólastarfsins frá og með þriðjudeginum 3. nóvember til og með 17. nóvember 2020. Við erum búin að skipta öllum skólanum í hólf/svæði og höfum eins lítil samskipti á milli svæða og við mögulega getum. Við getum vissulega nýtt okkur reynsluna frá því í vor þar sem við erum á svipuðum stað núna og við vorum í mars.

Hér fyrir neðan er hægt að sjá nánara skipulag fyrir hvert aldursstig:

1.- 4. bekkur

- Skóladagur er frá kl. 8.10 - 12.30.
- Nemendur verða alfarið í staðarnámi og ekki verður boðið upp á fjarkennslu.
- Ekki verður boðið upp á hafragraut að morgni.
- Ekki verður boðið upp á mjólk.
- Matur verður í boði fyrir nemendur 1. - 4. bekk.
- Ekki verður hægt að nýta samlokugrill og örbylgjuofn til að hita nesti (á við um 4. bekk).
- List- og verkgreinar falla niður.
- Íþróttakennsla verður með óhefðbundnum hætti. Nemendur koma ekki með íþróttaföt.
- Gert er ráð fyrir aukinni útiveru þessa skóladaga. Vera í góðum úti fötum og vel skóuð fyrir útiveru / gönguferð.
- Nánara skipulag kemur frá umsjónarkennurum.

Frístund

- Frístund er fyrir nemendur 1. - 3. bekkjar, nemendur verða í sömu hólfum og í skólanum.
 - 1. bekkur verður í Frístund. Inngangur Frístundar.
 - 2. bekkur verður í íþróttahúsinu og heimastofum. Inngangur að vestan, nyrðri.
 - 3. bekkur í kennslustofum 212 og 213 (tölvuver og náttúrufræðistofa). Inngangur að vestan, mið.
 - Nemendur sérdeildar verða í sérdeildarrými.
- Við þurfum að takmarka aðgengi allra inn í skólann og því óskum við eftir að foreldrar komi ekki inn þegar börnin eru sótt. Skilti verður í gluggum frístundar (og við aðra innganga) með símanúmerum starfsmanna.

5. - 7. bekkur

- Skóladagur er frá kl. 8.20 - 12.40 hjá 5. og 6. bekk en 7. bekkur byrjar 8.30 - 12.50.
- **Á morgun hefst kennsla á öðrum tíma því breyta þarf kennslurými nemenda.**
 - **7. bekkur kl. 9.40**
 - **6. bekkur kl. 9:50**
 - **5. bekkur kl. 10:00**
- Ef nemendur eiga fjölnota grímur óskum við eftir að þeir komi með þær í skólann til að minnka notkun á einnota grímum.
- Nemendur verða alfarið í staðarnámi, ekki verður boðið upp á fjarkennslu
- Ekki verður boðið upp á hafragraut að morgni

- Ekki verður boðið upp á mjólk
- Nemendur verða ekki í hádegismat svo gott er að huga að því að nemendur hafi nóg nesti fyrir tvær nestisstundir.
- Ekki verður hægt að nýta samlokugrill og örbylgjuofna til að hita nesti.
- List- og verkgreinar falla niður.
- Íþróttakennsla verður með óhefðbundnum hætti (engin íþróttaföt).
- Gert er ráð fyrir aukinni útiveru þessa skóladaga. Vera í góðum úti fötum og vel skóuð fyrir útiveru / gönguferð.
- Nánara skipulag kemur frá umsjónarkennurum.

8. - 10. bekkur

- Nemendur eru alfarið í fjarnámi. Fastir tímar í töflu eru frá 9:00-12:10 þar fyrir utan þurfa nemendur að vinna skv. áætlunum.
- Kennsluskipulagið er á heimasíðu skólans undir “heimaskóli”. Tengill á þá síðu er [hér](#)
- Ef ekki er til tækjabúnaður (tölva, spjalddölva) á heimili getur skólinn útvegað tæki. Vinsamlegast setjið ykkur í samband við Bergmann Guðmundsson, bergmann@giljaskoli.is, ef þið óskið eftir tæki til láns.
- Nánara skipulag kemur frá umsjónarkennurum.

Sérdeild

- Mæting nemenda í sérdeild er 8:30 en skóla lýkur á sama tíma og áður.
- Íþróttir og sund fellur niður
- Nemendur sérdeildar fá mat í kennslurými eins og verið hefur.
- Nánara skipulag kemur frá starfsfólki sérdeildar.

Við óskum eftir því að nemendur mæti á þeim tíma sem kennsla hefst til að hjálpa okkur að koma í veg fyrir blöndun milli hópa (þ.e.a.s. ekki of snemma).

Með kærri kveðju og von um áframhaldandi gott samstarf á þessum krefjandi tímum,

stjórnendur Giljaskóla
Helga Rún, Kristín og Vala